

## **YFIRLIT YFIR MÓTVÆGISAÐGERÐIR** **vegna vegaf framkvæmda í Norðurárdal í Akrahreppi**

### **1.1.1. Fiskistofnar Norðurár**

- Reynt verður að bæta hvern þann skaða sem óhjákvæmilega verður á lífríki árinna með því að skapa ný búsvæði í stað þeirra sem tapast vegna framkvæmda.
- Þar sem farið er með veginn ofan í núverandi farvegi Norðurár ofan Egilsár verður farvegur Norðurár sunnan vegastæðisins á malartökusvæði 8 (teikning 3) lækkaður um 1 - 1 ½ m, þannig að ánni sé beint yfir mitt árfarið. Við þetta minnkar álagið á árfarveginn að norðanverðu og áin er líklegri til að dreifa meira úr sér.

### **1.1.2. Sérstakar landslagsgerðir**

- Vegagerðin mun kosta framkvæmdir við að endurheimta jafn stórt votlendi og tapast við vegaf framkvæmdir í Norðurárdal í samráði við Umhverfisstofnun og nefnd um endurheimt votlendis.

Vegagerðin er að undirbúa endurheimt votlendis á Framengjum í Mývatnssveit í stað votlendis sem tapast vegna vegaf framkvæmda víðs vegar á Norður- og Austurlandi í samráði við nefnd um endurheimt votlendis (fylgiskjal 19). Framengjar eru víðáttumikil flæðiengi sunnan Skútustaða við Mývatn. Svæðið er um 14 km<sup>2</sup> að stærð. Upp úr 1950 voru Framengjar ræstar fram. Í landi Skútustaða, Álftagerðis og Litlustrandar voru grafnir hátt í 10 km langir skurður í samfelldu kerfi. Fyrir um 15 árum ruddu bændur niður í rúmlega tvo km af skurðum og tókst sú aðgerð vel. Nú er vilji fyrir því hjá landeigendum og ábúendum að ryðja niður í það sem eftir er af skurðunum og til stendur að Vegagerðin sjái um framkvæmd endurheimtarinnar sem mótvægisáðgerð vegna röskunar votlendis við vegagerð á Norður- og Austurlandi. Það votlendi mun að hluta til koma í stað þess votlendis sem tapast í Norðurárdal.